

Föstudaginn 8. mars 1985.

Nr. 189/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Helga Aðalsteinssyni**

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Brenna. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1984, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit dóms sakadóms Reykjavíkur 18. október 1978 og dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. janúar 1980, en í sakavottorði ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, er sá dómur ranglega talinn upp kveðinn 20. mars 1980.

Ágrip barst Hæstarétti 13. nóvember 1984.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að sannað sé, að ákærði hafi valdið eldsvoða þeim, sem honum er gefinn að sök. Telja verður, að ákærða hafi eigi dulist, að íbúð var í húsinu og að hann stofnaði mannlífum í hættu með íkveikjunni. Varðar brot hans því við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greint er í dómsorði.

Hvorki sækjandi né verjandi sóttu dómþing, er málið var tekið fyrir á Ísafirði 14. júlí 1983, og var þeim þó tilkynnt um þinghaldið. Þeir voru heldur eigi viðstaddir, er vitni voru yfirheyrð á dómþingum 27. júlí og 2. ágúst 1983, og sækjandi sótti heldur eigi þing, er málið var fyrir tekið 16. og 25. nóvember 1983 og 12. júní 1984. Var þetta eigi í samræmi við ákvæði 133-134. gr. laga nr. 74/1974,

en samkvæmt þeim skal meðferð mála þeirra, er sæta sókn og vörn, fara fram að sækjanda og verjanda viðstöddum.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 18.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmans, 18.000,00 krónur.

### S é r a t k v æ ð i

#### **hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta það mat héraðsdómara, að ekki sé marktæk afturköllun ákærða á játningu í skriflegri yfirlýsingu hans og framburði hans í sakadómi Ísafjarðar hinn 12. september 1978.

Húsið nr. 2 við Hafnarstræti á Ísafirði er steinsteypt með steinloftum og steinstigum milli fyrstu, annarrar og þriðju hæða. Það er aðskilið frá nærliggjandi húsum með steinsteyptum veggjum upp fyrir þak. Á þriðju hæð hússins eru svalir. Húsið ber með sér, að það er verslunar- og skrifstofuhús, þótt íbúð sé þar einnig, á efstu hæð og rishæð. Það stendur við aðalviðskiptagötu Ísafjarðarkaupstaðar. Ákærði var aðkomusjómaður á Ísafirði og lítt kunnugur þar, þó að hann hefði áður dvalið þar um nokkurra mánaða skeið, en þá stundaði hann sjó.

Með framangreint í huga þykir varhugavert að slá því föstu að fullnægt sé því skilyrði 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um mannhættu, að ákærði hafi séð fram á, að mönnum mundi bersýnilegur lífsháski búinn.

Brot ákærða er í ákæru réttilega talið varða við 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt framangreindu verður ekki beitt hinum sérstöku ákvæðum 2. mgr. sömu greinar við ákvörðun refsingar.

Liðin eru 6½ ár frá því að brot það var framið, sem fjallað er um í dómi þessum. Á því tímabili hefur ákærði ekki gerst sekur

um brot gegn almennum hegningarlögum eða öðrum refsilögum, svo vitað sé. Hann hefur á þessu tímabili gengið í hjónaband, eignast barn með konu sinni og lifir nú eðlilegu fjölskyldulífi.

Brot ákærða er framið áður en hann sætti refsidómum hinn 18. október 1978 og 15. janúar 1980. Refsingu fyrir brot það, sem hér er um fjallað, ber því að ákvarða í samræmi við reglur 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði, en með hliðsjón af hegðun ákærða í undanfarin 6½, fjölskylduhögum hans og hinum óafsakanlega drætti, sem orðið hefur á endanlegri úrlausn í máli hans af hendi ákæruvalds og dómstóla, þykir mega fresta fullnustu refsingar í 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef dómþoli gerist ekki á skilorðstímanum sekur um nýtt brot.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og skaðabætur svo og ákvæði um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, ef til fullnustu kemur.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greint er í dómsorði. Við erum samþykkir aðfinnslum meiri hluta dómenda varðandi málsmeðferð.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta svo og frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, ef til kemur, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 18.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

### Dómur sakadóms Ísafjarðar 25. júní 1984.

Ár 1984, mánudaginn 25. júní var á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem háð var að Hverfisgötu 115 í Reykjavík af Arngrími Ísberg setudómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 365/1978: Ákærvaldið gegn Helga Aðalsteinssyni, er dómtekið var þann 22. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 5. ágúst 1980, á hendur Helga Aðalsteinssyni, þá til heimilis að Heiðargerði 24 í Reykjavík. Ákærða er gefið að sök að hafa laugardagsnóttina 2. september 1978 brotist inn í kjallara hússins nr. 2 við Hafnarstræti á Ísafirði, þar sem er vörulager Bókaverslunar Jónasar Tómassonar, verslunin sjálf á 1. hæð og íbúðir á 2. og 3. hæð, og lagt þar eld í vörulagerinn og komið sér síðan á brott, eftir að eldurinn hafði náð að magnast, og þannig stofnað lífi íbúa hússins, sjö að tölu, í bersýnilegan háska og auk þess valdið hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann var að mestu slökktur af íbúunum sjálfum, sem af hreinni tilviljun vöknudi við það, að síminn tók að hringja, er þræðir til hans sviðnuðu og leiddu saman.

Í ákæru er framangreint atferli ákærða talið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ennfremur var þess krafist við munnlegan flutning málsins, að ákærði yrði dæmdur til að greiða saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 23. mars 1954 og hefur áður sætt kærnum og refsingu sem hér segir skv. sakavottorði, útgefnu 18. júní sl:

1973 23/2 í Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Svipting ökuleyfis gerð 9. júní 1972 felld úr gildi.

1974 9/4 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. áfengisлага.

1974 31/10 í Reykjavík: Dómur, 8 mán. fangelsi fyrir brot á 244., 248. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/10 1974.

1975 4/4 í Reykjavík: Dómur: Ekki gerð sérstök refsing með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 4/4 1975. Brot gegn 25., 26., 37. og 41. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага.

1975 17/2 Borgardómur Kaupmannahafnar: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 285. gr., sbr. 284. gr., sbr. 276. gr. dönsku hegningarlaganna.

1976 5/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gjörð sérstök refsing.

- 1976 17/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 246., 155., 248 og 261. gr. hegningarlaga.
- 1976 21/12 í Reykjavík: Sátt: 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.
- 1978 22/8 í Reykjavík: Sátt: 210.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga.
- 1978 18/10 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
- 1980 20/3 í Reykjavík: Dómur: 90 daga fangelsi og 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.
- 1982 23/6 Ákærða veitt ökuleyfi á ný.

## I.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Laugardaginn 2. september 1978, kl. 02:10 var Torfi Einarsson, þá settur yfirlögregluþjónn á Ísafirði, í eftirlitsferð á lögreglubifreiðinni Í-1102 ásamt Guðmundi Sigurjónssyni, þá fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði. Er þeir óku niður Hafnarstræti, voru þeir stöðvaðir af tveimur mönnum, sem stóðu gegnt húsi nr. 2 við sömu götu og tjáði annar mannanna þeim, að hann hefði fundið brunalykt frá Bókhöðunni. Einnig kvaðst hann hafa séð reyk í gangi sama húss. Í því kom út úr húsinu Gísli Gunnlaugsson, sem átti þar heima, og sagði hann lög-gæslumönnum, að eldur væri laus í kjallara hússins, og óskaði eftir því, að slökkviliðsstjórinn yrði kallaður á vettvang. Gísli kvað eldinn vera það lítinn, að óþarfi væri að kalla til slökkviliðið. Þessari beiðni hans var komið áleiðis, en síðan héldu löggæslumennirnir inni húsið og könnuðu verksummerki. Fyrst var farið inni gang hússins, og var mikill reykur þar, „þá var farið niður í kjallara þess. Þegar þangað kom voru þar fyrir þeir Gunnlaugur Jónasson og fyrrnefndur Gísli ásamt Jónasi Gunnlaugssyni, og reyndust þeir vera búnir að slökkva eld sem sýnilega hafði logað í poka-stæðu í norðurherbergi kjallarans, sem notað er undir vörulager bóka-verslunarinnar ásamt öllum kjallaranum. Við lauslega athugun á vettvangi kom í ljós að búið var að brjóta upp hurð á herbergi þessu, er snéri út í port á bak við verslunina. Þá fannst fyrir utan hurðina brot úr Coca Cola flösku og einnig fannst í porti milli húsanna nr. 2 og 4, þar í vörugámi, kúbein sem virtist miðað við ummerki hafa verið notað til að spenna upp hurðina að kjallaraherberginu. Þá var einnig búið að róta í vörum sem voru í hillum og á borði herbergisins. Teknar voru ljósmyndir af vettvangnum og af fótáforum sem fundust á uppgreftri við hurðina í portinu.“

Löggæslumennirnir spurðu mann þann, er sagðist hafa fundið brunalyktina, að nafni, og kvaðst hann heita Helgi Pétursson, Rauðagerði 30, Reykjavík, Hinn maðurinn reyndist vera Kristinn Þorlákur Kristjánsson, Skúlagötu 58, Reykjavík.

Bæjarfógetaembættið á Ísafirði óskaði eftir aðstoð rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn máls þessa, og fóru Dóra Hlín Ingólfssdóttir og Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumenn vestur til að annast rannsóknina. Dóra Hlín ritaði skýrslu um aðkomu á vettvangi, og segir þar m.a.: „Þarna hafði verið brotist inn í kjallara hússins Hafnarstræti 2, Ísafirði. Sparkaðar hafa verið upp dyr er snúa að porti en dyrnar virtust hafa gefið sig auðveldlega. Í kjallaranum er vörulager bókaverslunar Jónasar Tómassonar en bókaverslunin er á næstu hæð fyrir ofan kjallaran, 1. hæð. Rót að hafði verið í hirslum og umbúdir rifnar utanaf nokkrum ljósmyndavélum. Kærandinn sagðist þó ekki sakna nema einnar Kodak vasamyndavélar, af nýjustu gerð, með haldi. Síðan hefur verið farið upp á næstu hæð hússins, þar sem verslunin er og skrifstofa. Greiðfært er um ólæsta millihurð í stigagangi en dyr að versluninni og aðrar dyr að skrifstofunni voru læstar. Reynt hefur verið að opna báðar þessar dyr með klaufjárnri sem fannst í gámi fyrir utan húsið. Ekki er enn vitað hvaðan klaufjárnin er komið. Horfið hefur verið frá án þess að opna dyrnar en skemmdir voru á hurðunum og hurðarkörmunum eftir klaufjárnin. Ekki hafa kunnugir verið þarna á ferð því dyrnar sem snúa að versluninni er ekki hægt að komast inn um því þil hefur verið sett fyrir þær, inn í versluninni. Innbrotsmaður eða menn hafa verið valdir að íkveikju í kjallaranum. Hafnarstræti 2, Ísafirði er steinsteyppt hús, auk kjallara fjórar (svo) hæðir, um 115 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Eldurinn hefur kviknað á bréfpokastæðum sem stóðu á gólfi, upp við vegg og náðu um rúman metra upp. Hefur eldurinn logað á öllum stæðunum og brunnið nokkuð jafnt niður en um 1 metershæð var óbrunnin af bréfpokunum. Gunnlaugur sagði að ofan á bréfpokastæðunum hafi verið kassi úr pappa með bindingarásætningargræjum í (til að festa bindingar á skíði). Bréfpokastæðurnar náðu ekki saman efst, heldur gliðnuðu hver út frá annarri en pappakassinn utanaf bindingargræjunum hefur getað leitt eldinn á milli pokastæðanna. Hann var alveg brunninn upp en hefur verið það stór að hann hefur líkast til legið ofan á öllum stæðunum. Bindingargræjurnar lágu sótaðar ofaná pokunum en þær hafa verið megintil úr járn. Loft, veggir og gólf kjallarans eru úr steini, ljósmálað. Loft var alls staðar svart af sóti og náði sótið um 50 cm niður frá lofti. Þarna var mikill elds-matur og hefði getað orðið mikill bruni. Á sama vegg og bréfpokarnir stóðu upp við voru tréhillur með vörum í litlum pappakössum, aðallega ljós-myndavörur, fixer, stækkunarpappír, filmur, myndavélar o.fl. Hillur þessar voru um 1 metra frá pokastæðunum (bilið á milli). Í hillum lengra

frá eldinum var mikið af vörum ýmiss konar, aðallega skólavörum. Hiti hefur ekki verið orðinn mikill í herberginu, því plast hafði ekki bráðnað utanaf pappírsvörum en sótagfirir voru yfir öllum vörum. Neðan í loftinu, beint fyrir ofan bréfpokastæðurnar, lágu símaleiðslur en millisamband er í húsinu, leiðslurnar höfðu bráðnað og var síminn dauður.“

Á þessum tíma var slökkviliðsstjóri á Ísafirði Jón Ólafur Sigurðsson, Hraunprýði II, Ísafirði. Við sakadómsyfirheyrslur hefur vitnið skýrt frá því, að um kl. 02:45 hinn 2. september 1978 hafi lögreglan hringt í það og tilkynnt, að kviknað hefði í Bókaverslun Jónasar Tómassonar og óskað eftir því, að það kæmi á vettvang, en ekki væri þörf á að kalla út slökkviliðið. Þegar vitnið kom á vettvang, voru húsráðendur búnir að slökkva eldinn, sem var í kjallara hússins. Vitnið lýsti aðkomunni á brunastað þannig: „Töluverður reykur hafi verið í kjallara hússins og eldur (svo) hafi verið í bréfpokastafla á lager þar í kjallaranum. Mætti kveður að kjallarinn þarna sé fullur af mjög eldfimum vörum, þarna séu m.a. bækur, ritföng, leikföng úr plasti, ljósmyndavörur auk umbúða og allskonar pappírsvöru. Umbúðastaflinn þar sem eldurinn kom upp hafi verið farinn að brenna og eldur hafi verið búinn að læsa sig í viðarhillur, sem stóðu upp við staflann. Í hillunum hafi verið mjög eldfim efni, ljósmyndavörur, filmur og lím. Mætti telur vafalaust að ef ekki hefði verið gripið til sérstakra slökkviráðstafana, myndi hafa kviknað í öllum kjallaranum og eldur myndi hafa breiðst meira út. Súrefni hafi átt greiða leið að, þar eð kjallarahurðin hafi verið opin út. Í u.þ.b. 1 m fjarlægð frá eldsupptökum sé loftstokkur, sem gangi upp í gegnum húsið og hann sé upp undir lofti. Í stokknum séu rafmagns- og símaleiðslur og eldur geti auðveldlega leitt upp stokkinn. Aðspurður um hvort unnt hafi verið að slökkva eldinn ef hann hefði náð að breiðast út í kjallara hússins, kveður mætti að svo fremi að eldurinn hafi aðeins verið í kjallara hússins er slökkviliðið kæmi á staðinn þá teldi hann líklegt að það hefði mátt einangra hann þar og slökkva með kvoðu en ef farið hefði að loga í málningu á stigagangi þá sé ógerlegt að ætla hvað gerst hefði,“ því þegar hún hafi náð ákveðnum hita, brenni hún eins og bensín. Vitnið kvað engar eldvarnarhurðir hafa verið í húsinu. Varðandi áðurgreindan loftstokk þá kvaðst það ekki vera visst á því, hvort hann væri úr timbri eða steini, en ljóst sé þó, að eftir honum hefði eldurinn getað borist upp á efri hæðir hússins. Þá eru ristar úr stokknum inná hverja hæð, en vitnið kundi ekki að greina frá því, hvort þær væru opnar eða ekki. Þá kom fram hjá vitninu, að veðrið umrædda nótt hefði breytt miklu um gang málsins, en í þetta skipti var logn á Ísafirði. Hefði t.d. verið norðan-átt, hefði brunahaninn næstur húsinu getað orðið óvirkur og í sunnanátt hefði skapast mikil hætta fyrir húsin á bak við Hafnarstræti 2.

Í vottorði Veðurstofu Íslands um veður í Æðey, sem mun vera næsta

veðurathugunarstöð við Ísafjörð, þann 2. september 1978 kemur fram, að kl. 06 var þar norðaustan 1 vindstig, skýjað, skyggni 45 km og hiti 6,4 gráður á Celcius. Mesta veðurhæð milli athugana var 3 vindstig.

Samkvæmt vottorði bæjarstjórans á Ísafirði þá áttu 7 manns lögheimili að Hafnarstræti 2 þann 1. desember 1977. Einn íbúinn hefur flutt aðsetur sitt annað þann 15. maí 1978, en átti áfram lögheimili að Hafnarstræti 2.

Aðfaranótt 2. september 1978 sváfu 7 manns í íbúðinni í húsinu, sem er á 3. hæð þess og í risinu, Gunnlaugur Friðrik Jónasson bóksali, eigandi hússins og verslunarinnar, eiginkona hans, tveir synir, dóttir hans og tilvandi tengdadóttir auk konu, er var þar gestur.

Vitnið Gunnlaugur Friðrik og synir hans, Gísli og Jónas, hafa komið fyrir sakadóm og gefið skýrslur, sem nú verða raktar.

Skýrsla Gunnlaugs Friðriks er gefin fyrir sakadómi þann 12. september 1978 og er svohljóðandi: „Mætti kveðst hafa vaknað laust fyrir kl. 02:30 aðfaranótt laugardagsins 2. sept. sl. við það að síminn hringdi. Mætti kveðst hafa tekið eftir að hringingarnar voru óeðlilegar svo hafi virst sem allar 3 línur símans hafi hringt í einu. Mætti kveðst eftir vangaveltur stutta stund hafa opnað dyr íbúðar sinnar fram á stigagang hússins, en hann býr á 3. hæð. Kveðst hann hafa fundið reykjarlykt og séð reyk neðar í ganginum. Mætti kveðst hafa gengið á reykinn og niður á 1. hæð. Hann kveðst hafa séð að reyk lagði út um dyrnar niður í kjallarann en þær hafi staðið opnar. Hann kveðst hafa gengið niður í hálfan kjallarastigann og séð þá eld loga í lagerherbergi í bakhlíð hússins. Mætti kveður að talsverður reykur hafi verið í öllum kjallaranum. Hann hafi séð eld loga í vörum í einu horni lagerherbergisins. Ekki merkti hann mikinn hita. Mætti kveðst hafa farið strax aftur upp úr kjallaranum og upp á 3. hæð til að sækja lykla að verslun sinni, því þar var hægt að komast í vatn og fötur. Hann kveðst hafa beðið konu sína að hringja á slökkvilið en hún hafi tjáð sér að síminn væri óvirkur. Þá kveðst mætti hafa beðið hana að vekja íbúa hússins og senda Jónas son sinn eftir aðstoð lögreglu og slökkviliðs. Mætti kveðst síðan hafa farið niður í verslunina ásamt syni sínum Gísla, sem hafi fylgt sér eftir. Þeir hafi borið u.þ.b. 4 til 5 fötur af vatni og skvett á eldinn og hafi hann þá slökknað. Þegar þessu var lokið hafi Jónas verið á leið út og kveðst mætti hafa sagt honum að ekki þyrfti að kalla út slökkviliðið, það væri nægilegt að kalla á Jón Ólaf slökkviliðsstjóra. Þá rétt á eftir hafi lögreglan komið á staðinn.“ Vitnið skýrði frá því, að þessa nótt hefðu 7 manns sofið í íbúðinni í húsinu. 5 á 3. hæð og 2 í risinu. Þá skýrði það frá því, að á 1. hæð hússins sé verslun en á 2. hæð geymsla og skrifstofur. Útgangur af 3. hæð og risinu sé aðeins niður stigaganginn, en af 2. hæð sé auk þess hægt að fara niður stiga að bakdyrum á 1. hæð. Unnt sé að fara beint af stigapalli 2. hæðar í stigann að bakdyrum.

Vitnið Jónas Gunnlaugsson verslunarmaður, nú til heimilis að Stórholti 9, Ísafirði, bjó í Hafnarstræti 2 árið 1978 og var sofandi þar aðfaranótt 2. september. Vitnið kom fyrir sakadóm og gaf skýrslu þann 14. júlí 1983. Umrædda nótt svaf vitnið ásamt unnustu sinni í risi hússins. Um nóttina var það vakið af systur sinni með þeim orðum, að kviknað væri í húsinu. Þá voru faðir þess og bróðir farnir niður. Þegar vitnið kom niður, hafði eldurinn þegar verið slökktur, og var það beðið um að fara á lögreglustöðina og tilkynna um atburðinn. Þegar vitnið kom út úr húsinu, sá það lögreglubifreið og sagði þeim, er í henni voru, frá eldinum. Vitnið kvaðst hafa veitt eftirtekt tveimur mönnum, sem það þekkti ekki, stóð annar þeirra hjá lögreglubifreiðinni, en hinn hjá búðarglugga rétt hjá.

Vitnið Gísli Gunnlaugsson tæknifræðingur, Hafnarstræti 2, Ísafirði, kom fyrir sakadóm sama dag og gaf skýrslu. Umrædda nótt svaf vitnið á 3. hæð hússins. Það kvaðst hafa vaknað við það, að síminn hringdi. Var það ekki venjuleg hringing, heldur eins og margar í einu. Engu var svarað, þegar tólinu var lyft. Þegar dyr voru opnaðar út úr íbúðinni fram á stiga-ganginn, fannst, að þar var fullt af reyk. Vitnið og faðir þess fóru þegar niður í kjallara og sáu þar eldi loga í einu kjallaraherbergjanna, og logaði þar í umbúðapokum. Faðir vitnisins náði í lykila að 1. hæð hússins til að nálgast þar fötur og vatn, en sjálfst fór vitnið aftur upp á loft til að klæða sig. Þegar það kom niður aftur, báru það og faðir þess vatn á eldinn og eftir að hafa borið á hann nokkrar fötur af vatni, var hann slökktur. Kvað vitnið frekar vel hafa gengið að slökkva eldinn.

Vitnið Torfi Arnar Einarsson lögregluvarðstjóri, Skólavegi 7, Hnífsdal, var settur yfirlögregluþjónn á Ísafirði í september 1978. Vitnið hefur komið fyrir sakadóm þrisvar sinnum og staðfest skýrslur sínar, sem það gaf í málinu og fyrr hafa verið raktar að hluta.

Fyrir sakadómi þann 14. júlí 1983 kvað vitnið mann þann, er stöðvaði það og Guðmund Sigurjónsson fulltrúa við Hafnarstræti 2 aðfaranótt 2. september 1978, hafa verið Helga Aðalsteinsson, ákærða í málinu. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt hann þá, en komist að því síðar, hver hann var. Hins vegar mundi vitnið ekki, hver var með ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hefði verið ölvaður, en ekki mjög áberandi. Kvaðst það helst hafa merkt það á lyktinni af honum.

Vitnið Guðmundur Kristinn Sigurjónsson aðalfulltrúi, Lyngholti 8, Ísafirði, gaf skýrslu fyrir sakadómi þann 14. júlí 1983. Vitnið skýrði frá því, að aðfaranótt laugardagsins 2. september 1978 hafi það verið á heimleið í lögreglubifreiðinni Í-1102 að afloknum embættisstörfum á lögreglustöðinni. Með vitninu var áðurgreindur Torfi Einarsson. Þeir óku niður Hafnarstræti og inná Aðalstræti. Þegar bifreiðin var rétt komin fram hjá bókhlöðunni og á móts við Silfurtorgið, stóðu tveir menn á móti þeim á göt-

unni. Annar þeirra gaf þeim stöðvunarkerki. Þeir stöðvuðu bifreiðina og ræddu við manninn, sem spurði þá að því, hvort þeir myndu ekki reykjarlykt. Þeir kváðu nei við og sögðust enga reykjarlykt finna. Í sömu mund var hurðin að Hafnarstræti 2 opnuð, og út kom maður, og lagði reyk á eftir honum. Bað maðurinn, sem vitnið minnti, að hafi verið Jónas Gunnlaugsson, um, að kallað yrði til slökkvilið. Vitnið kvaðst hafa komist að því síðar, að maður sá, sem sagðist hafa fundið reykjarlyktina, var Helgi Aðalsteinsson, ákærði í málinu. Þar sem nokkuð ljóst var, að um íkveikju var að ræða, voru viðstaddir beðnir um að koma á lögreglustöðina. Þar sagði ákærði rangt til nafns, en ítrekaði að hafa fundið reykjarlykt, en maðurinn, sem með honum var, kvaðst enga hafa fundið. Vitnið kvað ákærða hafa verið nokkuð ölvadan í þetta skipti.

Svo sem áður er fram komið, reyndist maður sá, sem var þarna með ákærða, vera Kristinn Þorlákur Kristjánsson, Skúlagötu 58, Reykjavík. Hann var yfirheyrdur af rannsóknarlöggreglu ríkisins þann 3. september 1978. Þykir rétt að taka skýrslu vitnisins upp í heild sinni hér: „Aðfaranótt laugardagsins sl. var ég á leið um Hafnarstræti á Ísafirði og var ég nokkuð undir áhrifum áfengis. Var ég að koma af dansleik sem haldinn var í Hnífsdal. Er ég kom að horni Hafnarstrætis, sá ég Helga Aðalsteinsson. Ekki tók ég eftir því hvað hann var að gera, fyrst er ég veitti honum athygli en við urðum samferða og héldum áfram niður Hafnarstræti en ég var á leið um borð í bátinn sem ég var á. Helga kannaðist ég lítillga við úr Reykjavík, en þar hafði ég oft séð hann. Helgi var skammt frá Hafnarstræti 2 er við slógumst í för hvor með öðrum en er við höfðum gengið spölkorn í átt frá húsinu, fór hann að tala um að hann fyndi reykjarlykt. Ég fann enga reykjarlykt og sagði ég honum það. Hann vildi stoppa og ganga til baka og ganga úr skugga um hvort þetta væri reykjarlykt og var ég fús til þess þó svo að ég fyndi enga. Er við komum aftur að húsinu, mættum við lögreglubíl, Helgi veifaði lögreglubílnum og tók annan lögreglumanninn tali. Heyrði ég að hann sagði honum að hann fyndi reykjarlykt og flýttu lögreglumennirnir sér inn í Hafnarstræti 2. Um það leyti kom einhver strákur út úr húsinu og sá ég þá að fullt var af reyk þar inni. Ég man atburði vel, þessa nótt, þó svo að ég hafi verið undir áfengisáhrifum en ég held að ég hafi ekki tekið eins vel eftir vegna þess. Nokkuð var af ungu fólki á ferli þarna um götuna, um það leyti sem brunans varð vart. Þegar ég kom að Hafnarstræti 2 var Helgi staddur um 100 metrum frá húsinu en ég tók ekki eftir því hvort hann var á leið burtu eða hvort hann ráfaði um, fannst mér eins og hann stæði kyrr. Hann stóð í hóp með fleiri krökkum og slóst í för með mér niður að höfn en við þurftum að ganga fram hjá húsinu sem eldurinn kom upp í til þess að komast að höfninni. Eins og ég áður sagði þá vorum við komnir spölkorn í burt frá húsinu er Helgi

fór að tala um reykjarlykt og finnst mér skrítið að hann einn hafi fundið hana. Finnst mér þó ólíklegt að hann hafi kveikt í húsinu sjálfur, því þá hefði hann varla farið að láta vita af reyknum heldur flýtt sér í burtu frá staðnum. Ég fór aldrei af götunni eða gangstéttinni og sá aldrei bakvið húsið, í portið þar. Ekki sá ég neina krakka koma frá portinu eða fara þar bakvið. Ég tók ekki eftir því hvað klukkan var en dansleikurinn var til kl.01:00 og hlýtur klukkan þá að hafa verið orðin 02:00 er eldurinn kom upp. Lögreglubillinn kom að rétt eftir að Helgi fór að minnast á reykjarlyktina við mig. Veðrið var frekar gott um þetta leyti. Þó minnir mig að það hafi verið smágola.“

Vitnið kom fyrir sakadóm þann 2. ágúst 1983 og staðfesti þá skýrslu sína sem rétta. Það kunnir hins vegar ekki frekar að greina frá atburðum þessa nótt.

Vitnið Dóra Hlín Ingólfssdóttir rannsóknarlögreglumaður, Arnartanga 17, Mosfellssveit, annaðist rannsókn máls þessa af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið kom fyrir sakadóm þann 27. júlí 1983 og staðfesti þá skýrslur sínar, sem fyrr hafa verið raktar að hluta. Aðspurt þá kvað vitnið, að á vettvangi hafi engin skilyrði verið til sjálfsíkveikju, þar sem eldurinn hafði greinilega komið upp þ.e. í pappírspokastæðu, heldur var eins og logandi hlutur hefði verið lagður ofaná hana. Þá skýrði vitnið frá því, að það hafi þekkt rithönd ákærða hjá lögreglunni og vitað þá strax, um hvern var að ræða, en hann var þá farinn út á sjó.

## II.

Lögreglurannsókn í máli þessu hófst þegar eftir að eldur hafði verið slökktur. Féll brátt grunur á manninn, er stöðvað hafði lögreglubifreiðina fyrir utan Hafnarstræti 2 umrædda nótt, eins og áður er rakið, og gefið hafði upp nafnið Helgi Pétursson. Kom í ljós, að hann hafði sagt rangt til nafns og heimilisfangs. Reyndist maður þessi við nánari athugun vera Helgi Aðalsteinsson, þá til heimilis að Heiðargerði 24 í Reykjavík, sem ákærður er í máli þessu. Þegar handtaka átti ákærða, reyndist hann vera horfinn úr bænum, og kom í ljós, að hann hafði ráðið sig á b/v. Gylfa, BA, frá Patreksfirði og var farinn til sjós með hönnum.

Þann 8. september 1978 var gefin út handtökuskipun á hendur ákærða, og fóru lögreglumennirnir Torfi Arnar Einarsson og Guðmundur Helgi Jensson með hana til Patreksfjarðar og handtóku ákærða þar þann 11. september.

Áðurgreindur Torfi Arnar Einarsson ritaði skýrslu um handtöku ákærða og fyrstu yfirheyrslur. Þar segir m.a.: „Um kl. 08:50 lagðist b/v Gylfi að bryggju á Patreksfirði og fór þá undirritaður um borð og hitti Helga í brú skipsins. Þegar Helgi sá undirritaðan kvaðst hann hafa búist við lögreglunni

er hann kæmi að landi. Helgi var þá beðinn um að koma með upp á lög-reglustöð á Patreksfirði, sem hann og gerði. Þá voru vistarverur Helga um borð í Gylfa athugaðar, en þar fannst ekkert er bent gat til að hann hafi brotist inn í umrædda verslun. Þegar talað var við Helga á lögreglustöðinni á Patreksfirði, viðurkenndi hann að hafa farið inn í verslunina, og gat lýst innförinni nokkuð nákvæmlega, en þegar kom að eldsupptökunum bar hann fyrir sig minnisleysi. Hann var þá settur í fangahúsið á Patreksfirði og fékk hann klefa nr. 4 til umráða. Um kl. 11:30 var Helgi tekinn til viðtals aftur um sama efni og bar hann þá fyrir sig aftur minnisleysi og ölvun í umrætt sinn. Hann var þá settur í fangahúsið á ný. Óskaði hann þá eftir að fá skriffæri með sér í klefann, sem hann og fékk. Haft var samband við Guðmund Sigurjónsson fulltrúa bæjarfógeta á Ísafirði og honum sagðir málavextir. Guðmundur óskaði þá eftir að Helgi yrði færður til Ísafjarðar. Þá var farið um borð í b/v Gylfa og eigur Helga sóttar. Að því loknu um kl. 14:00 var farið upp á lögreglustöð. Þá lágu fyrir undirrituðum skilaboð frá Helga um að koma og tala við hann. Þegar komið var til hans í fangaklefann, kvaðst hann vera búinn að skrifa játningu og lét undirritaðan hafa skrifblokk þá er hann hafði fengið í klefann og hann bað um. Er játning Helga var lesin kom í ljós að hann kvaðst hafa farið inn í Bókabúðina tvisvar og í seinna skiptið til að afmá för eftir sig og þá kveikt í. Þá kvaðst hann hafa farið inn í tvær bifreiðar á Ísafirði og farið inn í eitthvað hús, sem hann vissi ekki hvar var.“

„Játning“ sú, er ákærði ritaði í fangaklefanum á Patreksfirði er svohljóðandi: „Mánudagur. Ég skýri frá þessu sem best ég get. Aðfaranott Laugardagsins 1.1. 9 78 var ég búinn að innbirða mikið áfengi. Vesnið birjaði á föstudagskvöld ég var svegtur í ? Að best ég man þá fór ég inn í tvo bíla, (líkklega til að komast frá Ísafirði. Ég veit ekki hvar ég fékk þetta járn sem ég var með en auk þess að fara í bílanna fór ég inn í hús að bakatil í leit að enhverju sem ég ekki veit, þetta var bara eitt herbergi. Þaðan tok ég ekkert. Síðan fór ég inn í umrædda verslun 2 sinnum, í seinna skiftið fór ég inn til að athuga hvort ég gæti afmáð fingraför, eina leiðin sem ég fann var að setja eld í hvaða fara út og bíða sem ég og gerði. Ættlunin var að fá slökuvuliðið til að sprauta svo mikklu vatni að fingraförin eiddust. Sjálfur ættlaði ég að sjá um að reina að láta lögguna vita. Ég tek það framm að ég var mikið ölvaður og gat ekki hugsað rétt first að ég gerði það sem ég gerði. Ég sé eftir þessu. Ég á ervitt með að játa svona, ég biðst afsökunar á liginni. Helgi Aðalsteinsson 3949-1737.“

Ákærði kom fyrir sakadóm Ísafjarðar þann 12. september 1978, kl. 01:45. Hann gaf þá greinargóða skýrslu, sem rétt þykir að taka upp í heild sinni. „Ég var að drekka áfengi á föstudaginn 1. sept. sl. Ég og kokkurinn á m.b. Bjarna Ásmundar keyptum saman 5 flöskur af íslensku brennivíni.

Á milli 21 og 23 fór ég frá borði og hafði með mér tæplega eina flösku af víni, en við höfðum þá lokið úr 3 flöskum saman og ég var orðinn all-drukkinn. Ég fór upp á Hótel Mánakaffi og hugðist fá herbergi þar en fékk ekki. Fór ég þá á Gistiheimili Hjalpræðishersins og fékk herbergi þar. Skildi ég þar eftir farangur minn, sem ég hafði haft með mér. Fór ég þá eitthvað að ráfa um og man ég eftir að hafa farið inn í 2 bifreiðar en man ekki hvar þær stóðu. Síðan man ég eftir að hafa verið kominn með eitthvað járnstykki en ekki man ég hvernig það leit út. Ég man eftir að hafa farið inn í eitthvað hús þarna í sömu götu og Bókhlaðan er en hinumegin við götuna. Síðan fór ég í gegnum sund við hlið Bókhlöðunnar. Ég held, að ég hafi farið inn í sundið bara af því að það var þarna. Þarna bak við húsið fór ég annanhvort upp eða niður tröppur. Ekki man ég hvernig ég opnaði hurðina þarna, en ég held að ég hafi notað járníð. Ég man að ég missti óátekna kókfjösku þarna í tröppunum, sem brotnaði. Ekki geri ég mér grein fyrir í hvaða tilgangi ég fór þarna inn, en ég man að þarna var mikið af kössum. Ég man að ég fann Polaroid myndavél þarna. Eitthvað reyndi ég við að setja í hana filmu en það gekk illa. Fleiri myndavélar skoðaði ég þarna en ekki held ég að ég hafi tekið neina þeirra. Síðan fór ég upp einhvern brattan stiga og kom þá að dyrum sem ég reyndi að opna með járninu. Ég held að ég hafi komist þarna inn í einhverja verslun, sem mun versla með pappirsvörur. Af einhverjum ástæðum fór ég mjög fljótt út aftur sömu leið, ekki man ég hvað olli því að ég fór svona fljótt út. Labbaði ég þarna eitthvað um og fékk mér sæti einhversstaðar og hélt áfram að drekka. Ég fór síðan eitthvað að hugsa um hvernig ég ætti að fela ummerkin og fór aftur þarna inn í húsin. Þarna inni datt mér helst í hug að setja eld í eitthvað, sem ég gerði, og fara út og bíða. Ég ætlaði að slökkviliðið myndi sprauta allt út og afmá þannig fingraför. Ég ætlaði sjálfur að kalla á slökkviliðið. Ég fór því út sömu leið og áður og fleygði járninu frá mér. Ég var því að rangla þarna fyrir utan húsið til að fylgjast með. Nokkru seinna kom strákur sem ég veit ekki hvað heitir, en hann mun vera skipverji á einhverjum bát sem lá þarna í höfninni. Við fórum að tala saman og vildi ég ekkert fara frá húsinu. Nokkru seinna fann ég reykjarlykt, stóð ég þá hinumegin við götuna gegnt Bókhlöðunni. Reyndi ég þá að stoppa bifreið, sem ók hjá en hann sinnti því ekki. Þá rétt á eftir kom lögreglubíll þar að og stoppaði ég hann og sagði lögreglumönnum að ég fyndi reykjarlykt. Í þann mund kom einhver út úr húsinu og upphófst heljar mikið vesen þarna inn í húsinu. Ég sá reyk leggja út um dyr hússins. Nokkru seinna var farið með mig á lögreglustöðina. Ekki man ég hvort ég gaf þar upp rétt nafn eða ekki, en ég var orðinn mjög ölvaður þá. Daginn eftir réði ég mig á bát frá Patreksfirði og sigldum við frá Ísafirði þann dag. “Ákærði var spurður um tilgang sinn með innförinni í húsið,

en hann kvaðst ekki vita, hver hann hafi verið, og kvað allt hafa verið mjög óljóst hjá sér og hann hafi yfirleitt enga grein gert sér fyrir aðstæðum. Aðspurður þá kvaðst hann ekki hafa hugleitt, hvort fólk byggi í húsinu. Þá kvaðst hann ekki muna, hvar hann hafi kveikt eld í kjallaranum né í hverju hann hafi kveikt, en það hafi verið mikið af pappa þarna inni. Þá staðfesti ákærði að hafa ritað skjal það, sem áður var frá greint, í fangaklefanum á Patreksfirði.

Pennan sama dag var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. nóvember og til að sæta geðrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldstímanum stæði.

Í framhaldi af þessu var ákærði fluttur til Reykjavíkur og vistaður þar í Síðumúlafangelsinu allt þar til gæsluvarðhaldi hans lauk þann 30. október. Jafnframt yfirtók rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn málsins og yfirheyrði ákærða tvisvar sinnum, eða þann 18. og 19. september 1978.

Við fyrri skýrslutökuna er ákærði fyrst spurður, hversu kunnugur hann hafi verið staðháttum í Hafnarstræti. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að íbúðir væru í húsinu fyrir ofan bókabúðina, en aftur á móti þá hafi hann vitað, að fólk byggi í húsi samföstu versluninni og að þarna séu samfastar húsalengjur. Þá kvaðst ákærði hafa brotist inn í tvær bifreiðar, áður en hann braust inn í verslunina. Ekki kvaðst ákærði muna greinilega eftir atburðum, heldur óljóst og samhengislaust, enda hafi hann verið mjög ólvaður. Þá kvaðst hann ekki muna, hvar hann bar eld að, og aðspurður þá kvaðst hann ekkert muna eftir bréfpokastæðu.

Við skýrslutöku þann 19. september kom fram hjá ákærða, að hann hafði farið tvær ferðir inni húsið nr. 2 við Hafnarstræti og neytt áfengis á milli ferða. Hann ítrekaði að hafa verið mjög drukkinn umrædda nótt og ekki vitað gjörla, hvað hann gjörði. Gat hann ekki gefið aðra skýringu á atferli sínu en að þarna hefði tilviljun ein ráðið gerðum hans. Þá segir ákærði orðrétt í skýrslunni: „Ég vissi að fólk bjó í þessari húsalengju en ég vissi ekki að það byggi fólk á hæðunum fyrir ofan og til hliðar þar sem ég kveikti í. Það er auðvelt að vera vitur eftir á og ég hef verið heppinn að það var ekki hvasst þessa nótt en ég hugsaði ekki um þessa hluti um nóttina heldur núna. Ég tók eftir miklum pappír í kjallaranum og ég sá hillur en ég hugsaði ekki úti hvað gæti hugsanlega orðið. Ég var ekki með hanska og finnst mér mjög líklegt að ég hafi kveikt í til þess að afmá ummerki eftir mig. Hefur svona lagað aldrei hvarflað að mér áður þó svo ég hafi oft brotist inn áður. Ég man ekki hvar ég bar eld að eða hvernig en ég man að ég var ekki með bensín, olíu eða annað eldsneyti. Ég hef hugsað mikið um þetta eftir á og ég skil þetta ekki, hvað hefur komið yfir mig. Eitt er ég sannfærður um og það er að ég myndi aldrei vilja verða valdur að manntjóni enda fór ég ekki burt frá húsinu eftir íkveikjuna. Ég man eftir því, greinilega að ég fór upp brattan stiga og að ég komst inn

í verslun, það var stór bóka-verslun. Ég man ekki eftir því að hafa tekið neitt þar eða að hverju ég var að leita. Ég var alveg viss á því að ég var ekki búinn að kveikja í þegar ég var uppi vegna þess að eftir að ég kveikti í þá fór ég beint út um kjallaradyrnar og út í portið. Ég veit ekki hvað það leið svo langur tími frá því ég kveikti í, flýtti mér út þar til ég veifaði lögreglubílnum sem kom eftir Hafnarstræti, get ég ekki áætlað tímann því ég hef ekki hugmynd um það. Var ég ákveðinn í því að láta lögregluna vita um brunann en ég ákvað aldrei hvernig ég ætlaði að ná í hana heldur greip ég tækifærið er ég varð var við lögreglubílinn.“

Næst er ákærði tekinn fyrir út af máli þessu þann 10. mars 1982 í saka-dómi Reykjavíkur. Honum er þá birt ákæran í málinu, en hann vill að svo stöddu ekkert tjá sig um málið.

Ákærði kemur síðan fyrir sakadóm Ísafjarðar þann 12. október 1983. Honum var kynnt ákæruskjalið, og kannaðist hann við að hafa brotist inni kjallara hússins nr. 2 við Hafnarstræti. Hins vegar þá kannaðist hann ekki við að hafa lagt eld í vörulagerinn þar. Hann kvaðst hafa komið inn til Ísafjarðar kvöldið áður með skipi því, sem hann var á. Honum varð sundurorða við skipstjórnann, sem lauk með því, að hann gekk úr skiprúmi og hélt upp í bæ til að leita sér að herbergi. Frekar kvaðst hann ekki muna eftir atburðum kvöldsins eða næturinnar. Skjal það, sem ákærði ritaði í fangaklefanum á Patreksfirði og áður er frá greint, var nú lesið upp í dóm-inum, og kannaðist ákærði við að hafa ritað það. Hann kvaðst hafa verið mjög þreyttur og slæptur, þá er hann ritaði skjalið, og kvaðst nánast hafa gert það eftir fyrir sögn lögreglu, sem hafði lofað honum því, að hann fengi að fara frjáls maður aftur um borð í Gylfa BA, ef hann játaði. En það kvað ákærði hafa haft mikla þýðingu fyrir sig, þar sem hann hafði nú verið ráðinn stýrimaður. Allt þetta hafi orðið til þess, að hann játaði á sig verkn-að, sem hann hafði ekki framið. Ákærði kvaðst ekki hafa verið undir áhrif-um lyfja eða áfengis, þegar hann var handtekinn, en verið mjög þreyttur og slæptur. Hann kvaðst hafa átt um tvo kosti að velja, annaðhvort að játa á sig íkveikjuna og fara eftir það frjáls maður eða, ef hann játaði ekki, þá yrði hann fluttur til Ísafjarðar í fangelsi. Að sögn ákærða þá var það Ísafjarðarlögreglan, sem setti honum þessa kosti. Þá var ákærða kynntur framburður hans fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 12. september 1978. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa verið yfirheyrður um málsatvik á Ísafirði. Þá kvaðst hann heldur ekki muna eftir að hafa verið úrskurðaður þar í gæsluvarðhald, en mundi eftir að hafa verið fluttur sem fangi í Síðu-múlafangelsið. Loks voru ákærða kynntar skýrslur þær, sem teknar voru af honum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann kvaðst hafa tjáð Dóru Hlín Ingólfssdóttur rannsóknarlögreglumanni, að hann tæki til baka játn-ingu sína, sem hann gaf á Patreksfirði, og einnig kvaðst hann hafa haft

uppi kvartanir við hana vegna handtökunnar og yfirheyrslunnar á Patreksfirði. Hins vegar þá kvaðst hann engum þvingunum hafa verið beittur í Síðumúlafangelsinu.

Vegna hins breytta framburðar ákærða voru teknar nýjar skýrslur af vitnunum Dóru Hlín Ingólfadóttur, Guðmundi Kristni Sigurjónssyni og Torfa Arnari Einarssyni auk þess sem Guðmundur Helgi Jensson lögreglu- maður var yfirheyrður. Við þessar yfirheyrslur kom ekkert það fram, er stutt gæti þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði verið beittur þvingunum við yfirheyrslur á Patreksfirði. Þá kom heldur ekkert fram um það, að skýrslurnar, sem teknar voru af honum af rannsóknarlögreglu ríkisins, væru rangar.

I þágu rannsóknar málsins sætti ákærði geðrannsókn, og annaðist hana Ingvar Kristjánsson læknir. Í niðurstöðum hans segir: „Hér er um að ræða 24 ára gamlan sjómann. Hann er í miðri þriggja bræðra, alinn upp hjá foreldrum sínum í Reykjavík. Hann kveðst hafa átt í lestraröðugleikum á barnsaldri og verið haldinn minnimáttarkennd fram á unglingsár vegna holdafars síns. Það kemur fram í frásögn hans, að brotalöm mun hafa verið í hjónabandi foreldranna og flutti móðir hans frá föðurnum er Helgi var 14 ára gamall. Um sama leyti hætti hann í skóla og hóf að stunda sjóinn sem hann hefur gert síðan. Má ætla af frásögn hans að líf hans síðan hafi einkennst af óstöðugum persónulegum samböndum enda virðist hann eiga erfitt með að mynda dýpri sambönd við fólk sem sjá má af því að hann kveðst aðeins hafa eignast einn vin um dagana. Hann hefur kvænst tvisvar en í hvorugt skiptið var um neina varanlega sambúð að ræða enda skírskot- ar hann ýmist til fyrra hjónabands síns sem sparimerkjahjónabands eða fíflaláta en hið síðara kveðst hann hafa verið blekkur út í með lygum. Önnur atriði sem setja mark sitt á lífsstíl hans eru óhöfnsnotkun víns og ýmissa fíknilyfja auk afbrota.

Rannsókn þessi bendir til að Helgi sé í meðallagi greindur. Hann er ekki geðveikur en hefur afbrigðilegan persónuleika er einkennist af grunnum og óstöðugum tilfinningatengslum við fólk og andfélagslegu athæfi. Ekkert kom fram í rannsókninni er benti til þess að þetta persónuafbrigði sé af vefrænum toga spunnit og telst Helgi því í almennum skilningi sakhæfur. Eftir upplýsingum Helga að dæma mætti ætla að áfengisneysla hans og einvera kunni að vera þættir er samverkandi valdi nokkru um að hvata- stjórn hans slævist og leiði þannig óbeint til afbrota. Slíkur kann að hafa verið gangur mála varðandi afbrot þau er hér um fjallar.

Geðlæknismeðferð er stundum reynd við persónuleikaafbrigði af þeirri gerð er ég tel Helga hafa en árangur hennar er óviss.“

Vörulager bókaaverslunar Jónasar Tómassonar var tryggtur hjá Sam-

vinnuþryggingum, og hefur félagið haft uppi bótakröfu í málinu að fjárhæð gamlar krónur 750.190, eða 7.501,90 nýkrónur.

Krafa þessi var birt ákærða þann 28. september 1978, og kvaðst hann ekkert hafa við hana að athuga og samþykkti að greiða hana.

Í þinghaldi 12. október 1983 var honum aftur kynnt þessi krafa, og kvaðst hann þá hafna henni.

Við munnlegan flutning málsins gerði verjandi ákærða ekki athugasemdir við skaðabótakröfuna.

### III.

Húsið að Hafnarstræti 2 á Ísafirði er steinsteyp, byggt 1928, um 115 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Undir því er niðurgrafinn kjallari, þá þrjár hæðir og loks ris. Það stendur í sambyggðri húsaröð, og baka til er stutt yfir í næstu hús.

Eins og venja er í flestum svona málum, voru dómkvaddir tveir sérfróðir menn til að láta í ljós álit á ýmsum atriðum varðandi þennan bruna. Þann 22. mars 1982 voru dómkvaddir til þessa verks þeir Torfi Arnar Einarsson og Jón Ólafur Sigurðsson, sem áður hefur verið getið um. Fyrir þá var lagt að láta uppi álit eftir bestu vitund um það, hvort almannahætta hafi verið fyrir hendi, þegar umrædd ikveikja átti sér stað, s.s. hvort hætta hafi verið á yfirgripsmiklu eignatjóni og hvort mannlífum hafi verið stefnt í háska. Þá eru eftirtaldar spurningar lagðar fyrir matsmennina.

1. Var hætta á, að eldurinn breiddist út til annarra hluta hússins, þ.e. annarra íbúða í húsinu Hafnarstræti 2, Ísafirði?

2. Var hætta á, að eldurinn breiddist út til nærliggjandi húsa?

3. Var hætta á yfirgripsmikilli eyðingu eigna, ef ekki hefðu komið til sérstakar slökkviráðstafanir?

4. Úr hvaða efni eru hurðir og gólf milli íbúða í stigagangi?

5. Hversu margt fólk var sofandi í húsinu Hafnarstræti 2, 2. september 1978, þegar áðurgreind ikveikja átti sér stað, og var mannlífum þessum stefnt í háska?

Matsgjörð hinna dómkvöddu manna er dagsett 30. mars 1982, og í henni svara þeir framangreindum spurningum á þessa leið:

- „1. Við viljum svara þessari spurningu játandi með tilliti til þess að innbrotsaðili hafði opnað útihurð á kjallara, svo og hurð úr kjallara inn á stigagang hússins. Þar sem veggir stigagangs eru málaðir með lakk-málningu hefði mátt gera ráð fyrir að eldur hefði átt greiða leið upp eftir veggjum gangsins. Stigagangur er opin uppá 3. hæð hússins. Tekið skal fram að timburloft er á þriðju hæð, en önnur loft hússins

eru steipt. Þar sem hurðin á kjallaranum var opin hafði súrefni greiðan aðgang að eldinum.

2. Við teljum að slökkviliðið hefði getað varið nærliggjandi hús og sambyggðar íbúðir þessa húss í logni. Við viljum taka fram að þegar umræddur atburður átti sér stað hafi verið logn á Ísafirði.
3. Þessari spurningu viljum við svara játandi.
4. Hurðir á stigagangi eru úr tré, með þunnum krossviðarspjöldum. (Ekki úr eldtefjanlegu efni). Hurðir eru ekki mjög þéttar, og hefði reykur því haft greiðan aðgang um húsið. (Umrætt hús mun vera byggt 1928). Gólf milli hæða eru úr steypu eins og fram kemur í svari við spurningu nr. 1. Steyptir eldvarnarveggir eru milli húseininga. Tekið skal fram að brunahani er í um 15 metra fjarlægð frá aðaldyrum Bókhöðunnar og gefur hann um 1500 l af vatni á mínútu.
5. Sjö manns voru sofandi í húsinu Hafnarstræti 2, þegar umrædd íkveikja átti sér stað. Hefðu ekki komið til sérstakar slökkviráðstafanir og ef sími hússins hefði ekki farið að hringja, teljum við að mannslífum þessum hefði verið stefnt í háska.“

Hér er rétt, að til viðbótar komi stutt lýsing vitnisins Gísla Gunnlaugssonar á stigum hússins í þinghaldi 14. júlí 1983. Stigi úr kjallara upp á 1. hæð er úr timbri, en stigar milli 1. og 3. hæðar eru úr steini, og eru ekki teppi á þessum stigum, voru það heldur ekki í september 1978. Stigi á milli 3. hæðar og riss er úr timbri. Stigahandrið á milli 1. og 3. hæðar er timbur á járnteinum.

#### IV.

Með framburði ákærða fyrir sakadómi þann 12. september 1978, fyrir rannsóknarlögreglu síðar í sama mánuði og loks í sakadómi þann 12. október 1983 verður að telja sannað, að hann hafi farið tvívegis inn í kjallara hússins nr. 2 við Hafnarstræti á Ísafirði aðfaranótt 2. september 1978. Þá verður að telja sannað með framburði ákærða fyrir sakadómi og rannsóknarlögreglu í september 1978, að hann hafi í síðari ferðinni inn í kjallaran lagd eld í vörubirgðir þar í því skyni að afmá ummerki eftir fyrri ferðina. Styðst þessi játning ákærða við framburð vitna og rannsókn á vettvangi, svo sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Það, að ákærði vildi ekki kannast við að hafa lagt eld í vörubirgðirnar í þinghaldi þann 12. október 1983, þykir ekki á nokkurn hátt veikja fyrri játningu hans, enda ekkert það fram komið, er bendir til þess, að hún hafi verið fengin með óeðlilegum hætti, eins og ákærði hefur haldið fram og áður var rakið.

Varðandi tilgang ákærða með innbrotinu er margt óljóst, og hefur hann enga viðhlítandi skýringu getað gefið á því. Hins vegar er ljóst samkvæmt eigin framburði hans, að hann fer aftur inn í kjallara Hafnarstrætis 2 í

því skyni að afmá ummerki eftir innbrotið. Verður að byggja alfarið á framburði hans um það, að þá hafi myndast með honum sá ásetningur að kveikja þar í vörubirgðum í því skyni að slökkviliði myndi með aðgerðum sínum síðar afmá ummerki innbrotisins.

Þegar ákærði leggur eld í vörubirgðirnar í kjallaranum, er honum fullljóst, að þar er mikill eldsmatur. Honum er einnig ljóst, að á næstu hæð fyrir ofan er verslun, sem verslar með pappírsvörur. Þrátt fyrir það, að ákærði segist hafa ætlað að kalla til slökkvilið, þá gerir hann það ekki, og tilviljun ein veldur því, að eldurinn er slökktur, áður en hann nær að magnast. Ákærði gefur síðan upp rangt nafn og heimilisfang hjá lögreglu og kemur sér á brott úr bænum.

Við yfirheyrslur hefur ákærði borið, að honum hafi ekki verið ljóst, að fólk byggi í Hafnarstræti 2 eða í húsunum þar til hliðar, en hins vegar kveðst hann hafa vitað, að fólk bjó í húsalengjunni. Hér er hins vegar á það að líta, að við mjög lauslega athugun hefði ákærða átt að vera fullljóst, að húsalengjan við Hafnarstræti er sambland af atvinnu- og íbúðarhúsnæði og að með verknaði sínum gat hann stofnað mannlífum í háska, sérstaklega þegar litið er til þess, á hvaða tíma sólarhringsins hann kveikir eldinn.

Verknaður ákærða samkvæmt framanrituðu varðar við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til sakavottorðs ákærða þá ber að dæma honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til þess, hins óhæfilega dráttar, sem orðið hefur á máli þessu og nánar verður gerð grein fyrir á eftir, svo og til þess, að ákærði hefur ekki sætt refsingu frá því í mars 1980 eftir samfelldan brotaferil næstu ár á undan, þá þykir refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga þann tíma, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi, frá refsingunni.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Þórðar S. Gunnarssonar hrl., kr. 15.000,00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000,00.

Samkvæmt framansögðu þá ber einnig að dæma ákærða til að greiða Samvinnutryggingum skaðabætur samkvæmt kröfu þeirra, eða nýkrónur 7.501,90, enda hefur krafan engum tölulegum mótmælum sætt af hálfu ákærða.

## V.

Í lokin þykir við hæfi að gera nokkra grein fyrir rekstri málsins, sem tekið hefur óvenjulangan tíma.

Verknaður sá, sem ákært er út af, var framinn 2. september 1978. Rannsóknarlögregla ríkisins, sem hafði með höndum lokarannsókn málsins,

sendi það ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 31. janúar 1979. Ríkissaksóknari gaf út ákæru 5. ágúst 1980. Er gefin sú skýring á drættinum, að allalvarlegt mál hafi verið í gangi gegn ákærða fyrir dómstólnum í ávana- og fíkniefnamálum, en dómur þar gekk 20. mars 1980. Þegar ákæra loks er gefin út, er ákærði farinn af landi brott, en að sjálfs hans sögn dvaldi hann í Kaliforníu frá því í lok júní 1980 þar til í marsþyrjun 1982. Skömmu síðar, eða þann 10. mars, er honum birt ákæran, og síðar í sama mánuði eru dómkvaddir matsmenn til að láta uppi álit á brunanum. Þá er eitt vitni yfirheyrt í apríl 1982. Næst er málið tekið fyrir 9. desember sama ár, og þá úrskurðar bæjarfógetinn á Ísafirði sig úr málinu. Rökstuðningurinn fyrir úrskurðinum er þessi: „Þar sem mál þetta er óvenju umfangsmikið, og vegna tíðra fulltrúaskipta hér við embættið og fjölda fyrirliggjandi mála fyrir sakadómi Ísafjarðar, er ljóst að afgreiðsla máls þessa hér við embættið mun dragast úr hömlu. Sér hinn reglulegi héraðsdómari sig því knúinn til þess að víkja sæti í málinu til þess að hraða framgangi þess.“

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. mars 1983, var Arngrímur Ísberg skipaður til þess að fara með mál þetta sem setudómari, og hefur hann kveðið upp þennan dóm.

Þingað var í málinu á Ísafirði og í Reykjavík í júlí, ágúst og október 1983. Í þinghaldi 12. október komu fram mjög alvarlegar athugasemdir frá ákærða um meðferð málsins í upphafi, svo sem áður var rakið. Þótti ekki annað fært en að rannsaka þær, og var því horfið frá því ráði að flytja málið í þessu þinghaldi. Í þessu þinghaldi var eitt vitni yfirheyrt frekar vegna hinna nýju viðhorfa í málinu og tvö í nóvembermánuði næsta. Fjórdi vitnið var búsett á Ísafirði, og af ástæðum, sem dómariinn mat gildar, tókst eigi að fá það til Reykjavíkur til skýrslutöku. Nú sl. vetur og vor gerði dómariinn þrjár tilraunir til að fara til Ísafjarðar og yfirheyra vitni þetta. Varð tvisvar frá að hverfa vegna ófærðar og einu sinni vegna veikinda. Vitni þetta var svo loks yfirheyrt hér í Reykjavík þann 12. júní sl. Málið flutt í framhaldi af því þann 22. júní og dómur kveðinn upp í dag.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. september til 30. október 1978 skal koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar S. Gunnarssonar hrl., kr. 15.000,00 og saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 10.000,00.

Ákærði greiði Samvinnuþryggingum kr. 7.501,90.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.